



Nafn: Ólafur Örn Ingólfsson
Kennitala: 090651-7819
Heimili: Nönnubrunnur 1, 113 Reykjavík
Heimasími: 567 2259
GSM: 898 0752
Netfang: oliingolfsson@simnet.is

Ferilsskrá

Ólafur Örn Ingólfsson er fæddur í Reykjavík 9. júní 1951. Ólst upp á Suðurnesjum. Foreldrar voru Ingólfur Aðalsteinsson fv. forstjóri Hitaveitu Suðurnesja d. 25.mars 2012 og Ingibjörg Ólafsdóttir d. 7. júlí 2011.

Menntun

1. Stúdent frá ML 1971.
2. Viðskiptafræðingur (Cand Oecon) frá HÍ 1976 af þjóðhagskjarna. Lokaritgerð fjallaði um mat og endurgjald jarðhitaréttinda. Ábyrgðaraðili var prófessor Guðmundur Magnússon.
3. Framhaldsnám í þjóðhagfræði við háskólann í Uppsala í Svíþjóð 1976-1980 með áherslu á stærðfræðilega hagfræði, hagrannsóknir, fjármál og peningamálahagfræði.
4. Löggiltur fasteignasali frá júní 2016.

Starfsreynsla

1. Hóf störf sem sérfræðingur í Landsbanka Íslands í Hagfræði- og áætladeild 1980, forstöðumaður Hagfræðideildar bankans frá 1985-1988. Framkvæmdastjóri Fjármálasviðs 1988- 1992 og forstöðumaður Fjárstýringar á Alþjóða- og fjármálasviði frá þeim tíma til 1. apríl 2003.
2. Hóf störf hjá KB banka 1. febrúar 2004 með staðsetningu í Kaupthing Bank Sverige í Stokkhólmi. Verkefni þar voru að taka þátt í uppbyggingu Fyrirtækjasviðs (Corporate Banking) einingar sem ekki var þar fyrir og að samhæfa vinnubrögð í stórum lánveitingum og sambankalánnum milli Kaupthing Bank Sverige og höfuðstöðva KB banka á Íslandi.
3. Var ráðinn til SPRON 1. nóvember 2005 til að stofna Fyrirtækjaráðgjöf SPRON (Corporate Finance) . Fluttist snemma á árinu 2006 yfir í Fjárstýringu SPRON. Starfaði þar síðan sem sérfræðingur og tók þátt í uppbyggingu fjárstýringar og stjórnun lausafjárstöðu til marsloka 2009 . Helstu verkefni voru í erlendum samskiptum og erlendri lánsfjáröflun auk innlendrar langtímafjármögnunar.

4. Hóf störf í Fjármálaeftirliti (FME) í febrúar 2010. Helstu ábyrgðarverkefni voru uppbygging eftirlits með lausafjárahættu, þróun ferla vegna ICAAP og SREP (innra mat á eiginfjárbörf) og verkstjórn vegna “sign-off“ skilyrða sem nýju bönkunum voru sett. Skilyrði þessi sem Fjármálaeftirlitið setti, tengdust starfsleyfum nýju bankanna og voru annarsvegar fjárhagslegs eðlis, eins og auknar eiginfjár- og lausafjárkröfur, en einnig fjöldi skilyrða sem tengdust áhættustýringu og stjórnarháttum (Risk Management and Corporate Governance). Sat í vinnuhópi þeim sem stýrt var af Seðlabanka um afnámsáætlun vegna gjaldeyrishafta frá mars 2011. Lauk störfum í Fjármálaeftirliti í júní 2011.

5. Hefur síðan starfað að sjálfstæðum ráðgjafarverkefnum, sem einkum tengjast fjármálamarkaði, lánamarkaði og gjaldeyrismarkaði. Verkefnin hafa tengst innlendum og erlendum fjármálastofnunum en einnig erlendum PE (Private Equity) fyrirtækjum í USA og á Norðurlöndum.

6. Stofnaði fyrirtækið Vildarhús ehf. í nóvember 2014.

7. Starfa auk þess sem löggiltur fasteignasali hjá Ársölum-fasteignamiðlun.

Starfslýsing og stjórnunarreynsla

Jafnhliða starfi í LÍ var Ólafur Örn framkvæmdastjóri Sambands íslenskra viðskiptabanka 1986- 1995 (SÍV) sem síðar varð SFF. Byggði upp starf SÍV eftir að sambandið gerðist aðili að Evrópusambandi banka (Federation Bancaire Européenne) og sótti fundi framkvæmdastjórnar þess sem og stjórnarfundu ásamt formanni SÍV á hverjum tíma. Ólafur Örn tók virkan þátt í uppbyggingu og þróun fjármagnsmarkaðarins á þessu tímabili. Starfaði í fjölda nefnda sem lögðu grunninn að núverandi löggjöf og starfsumhverfi á fjármagnsmarkaði. Þar má nefna nýja löggjöf um viðskiptabanka og sparisjóði eftir inngöngu í EES, lög um peningaþvætti, lög um Tryggingarsjóð innlánsstofnana, reglur um gjaldeyrismarkað, reglur um millibankamarkað, starfaði í vinnuhóp sem samdi og þróaði núverandi lausafjárreglur Seðlabankans, svo eitthvað sé nefnt.

Persónulegir eiginleikar, félagsstörf og einkalíf

Ólafur Örn hefur verið í stjórnunarstöðu innan bankageirans stærstan hluta af starfsferli sínum. Sem stjórnandi hefur hann leitast við að vera leiðtogi og að geta sannfært aðra stjórnendur og starfsfólk um hvert beri að stefna og hvernig markmiðum verði náð. Ólafur Örn er virkur í félagslífi. Er stofnfélagi í Rótarýklúbbum Reykjavík- Árbær og hefur gengt öllum helstu trúnaðarstörfum þar. Var varaformaður í sóknarnefnd Árbæjarkirkju og er formaður byggingarnefndar nýs safnaðarheimilis kirkjunnar. Situr í stjórn SOS Barnaþorpa á Íslandi. Stundar líkamsrækt reglulega, er í mjög góðu formi og hefur gaman af útivist og allri tónlist. Ólafur Örn er giftur Ingibjörgu Guðmundsdóttur og eiga þau eina dóttur Hrund og lítinn afastrák.